

Alþingi
Erindi nr. P 135/1151
komudagur 23.1.2008

22.01.2008

Guðný Jónsdóttir,
formaður félags íslenskra myndlistakennara

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, leikskóla og framhaldsskóla.

Almenn umsögn

Margt gott kemur fram í þessum frumvörpum að okkar mati eins og meiri sveigjanieiki í grunn og framhaldsskólanum, aukin áhersla á nám og skapandi starf í leikskólanum.

Á hinn bóginn sjáum við það að með auknum völdum skólastjórnenda í grunnskólunum er fagleg forysta þeirra og ábyrgð mikil og geta listgreinar sem settar eru undir sama hatt verið háðar áhuga og áherslu þeirra. Í þjóðfélagi þar sem umhverfi okkar verður sífellt myndrænna er mikilvægt að leggja verulega áherslu á myndlistakennslu og mikilvægi greinarinnar.

Frumvarp til laga um grunnskóla.

24 grein:

Við spyrjum: hvers vegna list- og verkgreinar séu ekki spyrta saman áfram eins og áður hafi verið eða myndlist gefið meira vægi en sýnilegt er?